

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um próf í verðbréfavíðskiptum nr. 633, 15. ágúst 2003.

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði við 5. gr. reglugerðar nr. 633/2003 orðist svo:
Próftaki, sem hefur próf eldra en þriggja ára, er undanþeginn reglunni um að ljúka öllum prófum innan þriggja ára, nái hann að ljúka náminu fyrir 1. september 2008.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 53. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 29. maí 2007.

Björgvin G. Sigurðsson.

Kristján Skarphéðinsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2007